

Sp.

468. Tillaga til þingsályktunar

[169. mál]

um stækkun þinghúslóðarinnar.

Flm.: Björn Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera á þessu ári ráðstafanir til, að lóð þinghússins verði stækkuð með því, að Alþingi verði látnar í té lóðirnar Kirkjustræti 12 og Templarasund 2. Jafnframt séu fluttar á brott, ekki síðar en í lok þessa árs, þær byggingar, sem nú standa á lóðum þessum. Heimilar Alþingi jafnframt ríkisstjórninni að verja úr ríkissjóði fé, sem þarf til að hreinsa og rækta lóðir þessar og tengja þær þinghúsgarðinum.

Greinargerð.

Lóð sú, er nú fylgir alþingishúsinu er of lítil til frambúðar, ef gert er ráð fyrir, að Alþingi fái einhvern tíma húsnæði, er fullnægi þörfum þess. Alþingishúsið hefur verið í mörg ár of lítið fyrir starfsemi þingsins, og verður ekki hjá því komizt á næstu árum að bæta úr húsnæðisþörf Alþingis.

Ríkissjóður á nú lóðirnar Kirkjustræti 12 og Templarasund 2, og voru þær á sinum tíma keyptar í því skyni að bæta þeim við þinghúslóðina. Á þessum lóðum standa nú byggingar, sem hægt er að flytja á brott með litlum fyrirvara. Í fjárlögum 1953, 22. gr., var heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að flytja á brott þær byggingar, sem standa á lóðinni Kirkjustræti 12, og láta Alþingi lóðina í té til stækkunar á þinghúsgarðinum eða til annarra nota. Þessi heimild var ekki notuð á árinu 1953, en hefur verið framlengd í fjárlögum yfirstandandi árs.

Í lögum nr. 84/1953, um þingfararkaup alþingismanna, lífeyrissjóð o. fl., er ákveðið í 2. gr., að reisa skuli þingmannabústað, svo fljótt sem því verður við komið, undirbúningi byggingarinnar skal lokið á þessu ári, þar á meðal ákvörðun um staðarval.

Að öllu þessu athuguðu virðist tímabært, að ráðstafanir séu nú gerðar til að tryggja það, að Alþingi geti í framtíðinni verið á sama stað og það er nú, með því að þinghúslóðin verði stækkuð svo, að þar geti rúmast þær byggingar, sem þingið kann að þarfnast næstu mannsaldra.

Verði tillaga þessi samþykkt, er til þess ætlað, að umræddar lóðir verði hreinsaðar, ræktaðar og sameinaðar þinghúsgarðinum, sem að sjálfsögðu yrði skipulagður að nýju með tilliti til væntanlegra bygginga, sem reistar yrðu á lóðinni.

Með ráðstöfunum þessum mundi fullnægt þörfum Alþingis fyrir byggingarlóðir um langa framtíð, en æskilegt væri þó, að við þinghúslóðina væri einnig bætt lóðinni Vonarstræti 8. Væri því rétt, að ríkisstjórnin léti athuga, hvort hægt sé að fá þá eign keypta við hæfilegu verði.